

Fimmtudaginn 11. júní 1998.

Nr. 104/1998.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson
vararíkissaksóknari)
gegn

Magneu Þóru Erlingsdóttur

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Ölvunarakstur. Svipting ökuréttar. Reyndlulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 27. febrúar 1998. Af hálfu ákærvalds er endanleg krafa sú, að héraðsdómur verði staðfestur.

Ákærða krefst þess, að sér verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, og að reyndlulausn, sem henni var veitt frá 24. mars 1996, verði látin standa.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærða verður dæmd til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærða, Magnea Þóra Erlingsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 10. febrúar 1998.

Ár 1998, þriðjudag 10. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-79/1997: Ákærvaldið gegn Magneu Þóru Erlingsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali sýslumannsins í Stykkishólmi, dagsettu 5. nóvember 1997, á hendur ákærðu, Magneu Þóru Erlingsdóttur, kt. 211059-7299, Frostafold 3, Reykjavík (áður Eyrarvegi 3, Grundarfirði). Dómarinn fékk málið til meðferðar 7. nóvember 1997 og gaf út fyrirfall í því 12. sama mánaðar. Málið var þingfest 10. desember 1997.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir umferðarlagabrot með því að aka Súbarú-fólksbifreið, M-717, undir áhrifum áfengis sunnudaginn 17. ágúst 1997 frá Eyrarvegi 7 í Grundarfirði um götur bæjarins, en aksturinn var stöðvaður af lögreglu við Grundargötu 19.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. gr. og 102. gr. ofangreindra umferðarlaga, sbr. lög nr. 44/1993 um breytingu á umferðarlögum“.

Sækjandi málsins gerir enn fremur þá kröfu, að ákærða verði dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar, þó ekki saksóknarlauna í ríkissjóð.

Verjandi ákærðu, Guðmundur Ágústsson hdl., gerir þá kröfu, að ákærða verði dæmd í vægustu refsingu, sem lög frekast heimila, þ. e. til sektar-greiðslu og sviptingar ökuréttar, en reynslulausn, sem ákærðu var veitt 24. mars 1996 á eftirstöðvum refsingar, 225 dögum, verði látin haldast. Verjandi krefst og málsvarnarlauna sér til handa að mati réttarins.

Ákærða, Magnea Þóra Erlingsdóttir, hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni M-717 undir áhrifum áfengis sunnudaginn 17. ágúst 1997 frá Eyrarvegi 7 að Grundargötu 19, Grundarfirði, þar sem akstrinum lauk með afskiptum lögreglu. Ákærða minntist þess ekki að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en hún kvaðst hafa neytt áfengis nóttina áður en atvikið varð.

Í blóðsýni, sem tekið var úr ákærðu vegna rannsóknar málsins, reyndist alkóhólmagn vera 1,60‰.

Með skýlausri játningu ákærðu, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað, að hún hafi gerst sek um þá háttsemi, sem henni er gefin að sök í ákæruskjali, og þannig brotið gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún á árunum 1979 til 1992 einu sinni gengist undir sátt vegna ölvunaraksturs, tvívegis fyrir önnur umferðarlagabrot, fimm sinnum fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, einu sinni fyrir brot á áfengislögum og einu sinni fyrir hegningarlagabrot. Þá hefur ákærða á sama tímabili hlotið þrjá dóma fyrir ölvunarakstur og önnur umferðarlagabrot og fjóra dóma fyrir hegningarlagabrot. Refsivist sam-

kvæmt þessum dómum er varðhald í 53 daga og fangelsi samtals í tólf mánuði. Árið 1979 var ákærða svipt ökurétti í sex mánuði og ævilangt 1982, og 1986 var hún svipt rétti til að öðlast ökurétt ævilangt. Í apríl 1993 var ákærðu veitt reynslulausn í eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 60 dögum. Í nóvember 1993 gekkst ákærða undir sektargreiðslu og sviptingu ökuréttar í tólf mánuði vegna ölvunaraksturs, og 10. apríl 1995 var ákærða dæmd í fimmtán mánaða fangelsi óskilorðsbundið fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 248. gr. og 253. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 24. mars 1996 var ákærðu veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, 225 dögum.

Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins hefur ákærða ekki aflánað framangreindar eftirstöðvar.

Ákærða hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með því broti, sem ákærða er nú sakfelld fyrir, hefur hún rofið skilorð reynslulausnarinnar frá 24. mars 1996, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og með vísan til sakaferils ákærðu verður ákærðu nú gerð refsing í einu lagi með hliðsjón af þeirri refsivist, sem ólokið er, sbr. og dóma Hæstaréttar 1988, 1495, 1990, 1360, og 1992, 732. Með tilliti til sakaferils ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Ákærða hefur enn fremur unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Við ákvörðun sviptingar ber að líta til sáttarinnar frá 10. nóvember 1993, sem hefur ítrekunaráhrif að þessu leyti. Ber því nú að svipta ákærðu ökurétti í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ágústssyni héraðsdómslögmanni, 35.000 krónur, auk virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Magnea Þóra Erlingsdóttir, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærða er svipt ökurétti í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur, auk virðisaukaskatts.